

---

## 37. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 14. desember 2017 kl. 08:10.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skólaráð
2. Skóladagatal
3. Haustönn 2017
4. Húsnæði
5. Bekkjaskipan
6. Starfsmenn
7. Spjaldtölvur
8. Öryggismál
9. Umbótaáætlun vegna ytra mats
10. Nemendur og félagslíf
11. Önnur mál

### Kynning fulltrúa.

#### 1. Skólaráð

Farið yfir hlutverk skólaráðs og bæklingur kynntur.

#### 2. Skóladagatal

Lögð fram drög að skóladagatali 2018-2019. Farið yfir hvaða dagar eru samræmdir milli skóla, leikskóla og framhaldsskóla í Hafnarfirði.

#### 3. Haustönn 2017

Farið yfir dagskrá og viðburði.

#### 4. Húsnæði

Rætt um skort á rými og aðstöðu í skólanum.

Rætt um nöfn á deildum, námsveri og athvarfi.

#### 5. Bekkjaskipan

Yngstu árgangarnir eru stórir. Fjöldi er mikill í sumum bekkjum og misjafn þungi í bekkjum og einstaka nemendur eiga við tilfinninga- og hegðunarröskun að etja og taka mikið til sín. Verið er að skoða bekkina og hvort breytinga er þörf.

#### 6. Starfsmenn

Rætt um nauðsyn viðhalds SMT- skólafærni og einkanlega þjálfun nýrra starfsmanna.

Eftir að starfsemi Lækjarsels og félagsmiðstöðvarinnar Vitans var færð undir stjórn og starf skólans hefur starfsmönnum fjölgað mikið. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur misst SMT leiðbeinanda úr starfi og enn sem komið er hefur enginn verið ráðinn í staðinn.

#### 7. Spjaldtölvur

Ráðinn hefur verið deildarstjóri UT innleiðingar. Hann hefur verið að setja upp „I Pad – spjöld“ fyrir unglingsdeild og verða þau afhent nemendum í 8. til 10. bekk fljótlega á nýju ári. Nemendur fá þau til umsjónar og bera ábyrgð á þeim.

## 8. Öryggismál

Skoða ber alvarlega gólf í matsal nemenda. Þar er hættuleg gryfja sem oft hefur verið rætt um við yfirvöld og erindi sent fræðsluráði varðandi óskir um úrbætur, þegar hafa orðið slys henni tengd. Bent er á að hægt er að færa stóla til í matsalnum sem hugsanlega getur haft eitthvað að segja. Búið er að gera úttekt á útileiktækjum af hálfu Hafnarfjarðarbæjar varðandi þarfir og endurnýjun. Síðasta öryggisúttekt var gerð árið 2016, en enginn úttekt hefur enn farið fram á þessu ári. Vegna ísingar á skólalóð í vetur hefur ekki alltaf verið hægt að hafa nemendur úti í frímínútum. Söndun af hálfu þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðarbæjar er ekki í boði fyrir skólann og er verið að leita leiða til úrbóta hjá utanaðkomandi verktökum. Bent hefur verið á að sanda þarf brekkuna á móti leikskólanum að Hörðuvöllum.

## 9. Umbótaáætlun vegna ytra mats

Umbótaáætlun hefur þegar verið gerð, unnið í samræmi við hana og hún birt.

## 10. Nemendur og félagslíf

Mæting í Vitann er ekki góð en 8. bekkur er duglegur að mæta á viðburði. Þurft hefur að fella niður viðburði vegna lakrar mætingar. Ágæt mæting hefur verið á dansskemmtanir. Mikilvægt að hafa góða starfsemi fyrir þá sem mæta.

## 11. Önnur mál

- Skólinn fékk afhentar gjafir í haust.  
Foreldrafélagið gaf smásjár sem tengjast skjávörpum.  
Í tengslum við 140 ára afmæli skólans fékk skólinn gjafabréf að upphæð kr. 100.000 frá Hafnarfjarðarbæ. Af hálfu stjórnenda var ákveðið að gjöfin rynni til Lækjarsels.
- Staðan á vinaliðaverkefni rædd. Búið er að hafa samband við aðstandendur verkefnisins. Það kostar töluvert að taka verkefnið inn, en vilji til innleiðingar er fyrir hendi.
- Skólaliðum hefur verið skipt á ákveðin svæði á skólalóð og einnig er búið að kaupa talstöðvar til samskipta fyrir útistarfsmenn.

Fundi slitið 10:30

### Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri,  
Jórunn Kristín Fjeldsted, fulltrúi foreldra  
Kristín Rangarsdóttir, fulltrúi foreldra  
Anna Cara Torfadóttir, fulltrúi nemenda  
Tatjana Simic, fulltrúi nemenda  
Einar Örn Daníelsson, fulltrúi kennara  
Hulda Ólafsdóttir, fulltrúi kennara  
Sigrún Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir